



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Borgartúni 26

105 Reykjavík

Langanesbyggð, 11. september 2025

Efni: Áskorun til stjórnvalda vegna friðlýsingarmála.

Með þessu erindi vil ég undirritaður vekja athygli ráðherra og þingmanna kjördæmisins á að hægar gengur en skyldi að leiða áfram friðlýsingarferli á utanverðu Langanesi. Ennfremur er það mat sveitarfélagsins að ástæða þessarar tafar liggi í megindráttum í þungri verkefnastöðu, eða manneklu, nýrrar Náttúruverndarstofnunar. Með öðrum orðum; þrátt fyrir staðfestan áhuga og góð samskipti milli sveitarfélags og hlutaðeigandi stofnunar, þá hefur auðsýnilega ekki tekist að koma verkefninu í slíkan forgang að eðlileg framvinda sé tryggð. Undirritaður er þar af leiðandi ekki bjartsýnn á að hægt sé að ná frekari árangri, nema með aukinni fjárveitingu eður þá breyttri forgangsöðun verkefna. Í öllu falli, þá er mikilvægt að góður gangur komist á verkefnið að nýju, enda ávinningur mikill fyrir bæði náttúru og samfélag á svæðinu.

Forsaga máls.

Vorið 2020 fór Langanesbyggð þess á leit við umhverfis- og auðlindaráðuneytið að gerð yrði greining á mögulegum friðlýsingarkostum á Langanesi. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið fól í framhaldinu Umhverfisstofnun (í dag Náttúruverndarstofnun) verkefnið. Settur var saman stýrihópur sem fylgdi verkefninu eftir á vinnslutíma en vinna við gerð skýrslunnar fólst í að rýna svæðið með tilliti til möguleika á friðlýsingu. [Skýrsla Umhverfisstofnunar](#) var gefin út í október 2020. Starfshópur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra tók þetta mál fyrir í sinni vinnu og tók afstöðu til þess, að afloknu samráði við heimamenn og aðra hagaðila. Starfshópurinn lagði til að ráðuneytið ynni áfram tillögur um friðlýsingarkosti á utanverðu Langanesi og að stofnaður yrði þjóðgarður í sátt við íbúa og hagsmunaaðila. Samhliða yrði unnið að uppbyggingu innviða og m.a. horft til þess að koma upp starfsstöð í náttúrurannsóknunum í samræmi við tillögur nefndar fulltrúa fimm ráðherra um málefni byggðarinnar við Bakkaflóa frá árinu 2018. Sjá [skýrslu starfshóps](#).



Vilji sveitarstjórnar skýr.

Vilji sveitarstjórnar Langesbyggðar í þessu mál hefur verið skýr, þ.e. að haldið verði áfram með vinnu við friðlýsingar á utanverðu Langesi. Þannig segir í ályktun sveitarstjórnar frá 14. desember 2023 að tilgangur vinnunnar sé að;

1. Gæta að sérstöðu landsvæðisins sem náttúruvætti.
2. Gæta að menningarminjum og lands í lifandi nýtingu.
3. Tryggi aðgengi og öryggi þeirra sem heimsækja landsvæðið.
4. Hugi að hagrænum hvötum til eflingu mannlífs í kringum Langes.
5. Efli vitund og þekkingu á náttúrufari og auðlindum aðliggjandi svæða.

Langesbyggð hefur stutt við verkefnið með ýmsum hætti, og sem fyrr segir þá hafa samskipti sveitarfélagsins við sérfræðinga Náttúruverndarstofnunar verið regluleg og í alla staði jákvæð. Það skortir því ekki viljann til þess að halda áfram, og afar vont ef verkefni sem þetta fer að dragast úr hófi fram. Þá er hætt við því að velvilji og áhugi íbúa dvíni, og að hefja þurfi allan undirbúning að nýju.

Því vill sveitarstjórn Langesbyggðar vekja athygli ykkar á því að mögulega þarf að tryggja frekar möguleika Náttúruverndarstofnunar á að halda þessu verkefni áfram, jafnvel með sérstakri fjárveitingu til verkefnisins.

Með von um gott samstarf og skjótar úrbætur,

Björn S. Lárusson
Sveitarstjóri